

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tékklands tók á árinu 2002 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 1/1993, 6/1993, 57/1995, 28/1996, 31/1997, 37/1998, 33/1999, 43/2000 og 46/2001, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2002	25.11.2002	Breyting á bókun B	13.02.2003
2/2002	25.11.2002	Afnám VII. viðauka	13.02.2003

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.